



220. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 27. febrúar 2014 kl. 16:00.

Mættir: Lárus Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Forföll: Jón Gestur Viggósson, Ingi Þór Ágústsson og Guðmundur Á. Ingvarsson 1. varamaður.

Dagskrá:

1. Vetrarólympíuleikarnir í Sochi

Forseti skýrði frá dvöl sinni á Vetrarólympíuleikunum í Sochi, aðstæðum og fyrirkomulagi. Öryggisráðstafanir voru miklar og allt gekk vel fyrir sig. Íslensku keppendurnir stóðu sig vel og íþróttalegur árangur var mjög ásættanlegur. Umfjöllun fjölmiðla hér heima var frábær. Samþykkt að senda þakkir til RÚV og Stöðvar 2 fyrir góða og faglega umfjöllun.

2. Ólympísk málefni

Friðrik Einarsson fór stuttlega yfir stöðu ólympískra verkefna.

Nanjing 2014

Fararstjórafundur verður haldinn í mars nk. og mun fulltrúi Íslands í verkefninu Young Ambassador fara með aðalfararstjóra og framkvæmdastjóra á fundinn til að kynna sér aðstæður og hlutverk sitt.

Baku 2015

Fararstjórafundur verður í Baku í júní nk.

ÓL Rio 2016

Stefnt er á undirbúningsfund með sérsamböndum á vormánuðum.

3. Smáþjóðaleikar 2015

Helga Steinunn Guðmundsdóttir fór yfir það helsta í undirbúningi fyrir leikana. Aðalfundur GSSE og fundur tækninefndar leikanna verða hér á landi dagana 16.-17. maí nk. og er undirbúningur fyrir þá fundi í fullum gangi.

4. Ferðasjóður íþróttafélaga – úthlutun

Helga Steinunn Guðmundsdóttir hélt stutta kynningu á Ferðasjóði íþróttafélaga, forsögu, forsendum og úrvinnslu umsókna.

Hún kynnti einnig hugmyndir vinnuhóps ÍSí um Ferðasjóð íþróttafélaga að breytingum á útreikningi úthlutunar sem kviknuðu í kjölfar ábendinga sem fram komu á Fjármálaráðstefnu ÍSí í haust. Sýndi hún áhrif slíkra breytinga á útreikning með því að bera saman væntanlega úthlutun með hefðbundnum hætti og úthlutun með nýjum reikniaðferðum.

Töluverðar umræður urðu um hugmyndir vinnuhópsins.

Samþykkt að úthluta samkvæmt óbreyttu fyrirkomulagi vegna keppnisferða ársins 2013. Tillaga vinnuhóps ÍSÍ um Ferðasjóð Íþróttafélaga um úthlutun vegna ársins 2013 staðfest.

Vinnuhópnum var falið að vinna áfram með framkomnar hugmyndir að breytingum og kynna niðurstöður sínar fyrir framkvæmdastjórn á vormánuðum svo það gefist góður tími til að kynna fyrir íþróttahreyfingunni breytingar, ef samþykktar verða.

5. Lokaskýrsla vinnuhóps ÍSÍ um skráningarmál íþróttahreyfingarinnar

Lögð fram lokaskýrsla vinnuhóps ÍSÍ um skráningarmál íþróttahreyfingarinnar. Örn Andrésson fylgdi skýrslunni úr hlaði og fór yfir starf vinnuhópsins og úrvinnsluverkefni hans. Nokkrar leiðir eru gefnar í skýrslunni en vinnuhópurinn mælir með leið C.

Nokkrar umræður urðu um þær leiðir sem koma fram í skýrslunni.

Fundarmenn voru sammála tillögu vinnuhópsins og var samþykkt að láta útbúa þarfagreiningu og kostnaðargreiningu á þeirri leið. Gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að ganga í málið í samvinnu við Örn Andrésson, formann vinnuhópsins.

6. Starfsreglur Afrekssjóðs ÍSÍ

Frestað.

7. Tímasetning Formannafundar ÍSÍ 2014 og Íþróttþings 2015

Samþykkt að halda Formannafund ÍSÍ 14. nóvember 2014.

Samþykkt að halda Íþróttþing ÍSÍ 17.-18. apríl 2014.

8. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að búið væri að auglýsa eftir verkefnastjóra kynningarmála. Hagvangur annast umsóknarferlið.

9. Heimsókn ÍSF

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að forseti og tveir stjórnarmenn Íþróttasambands Færeyja, ásamt tveimur starfsmönnum sambandsins, væru væntanleg til vinnufundar með starfsfólki ÍSÍ 7. mars nk. Þau hafa óskað eftir kynningu á ýmsum málaflokkum og verkefnum ÍSÍ.

10. Heiðranir

Samþykkt að veita Öldu Helgadóttur, fráfarandi stjórnarmanni UMSK, Silfurmerki ÍSÍ á ársþingi UMSK sem haldið verður síðar í dag.

11. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir voru teknar fyrir og staðfestar:

- 219. fundur framkvæmdastjórnar
- 3., 4. og 5. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Laganefnd ÍSÍ frá 11. febrúar

12. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur er áætlaður 3. apríl nk.

14. Önnur mál

Norræn yfirlýsing

Forseti greindi frá samnorrænni yfirlýsingu varðandi baráttuna gegn hagræðingu úrslita í íþróttum. Samþykkt að ÍSÍ skrifi undir yfirlýsinguna. Forseta falið að huga að næstu skrefum varðandi málaflokkinn.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari